



G J A L D S K R Á

Fyrir stuðningsþjónustu í Fjarðabyggð
skv. heimild 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
Gildir frá 1.1.2023

Þjónustuþegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar og akstur. Garðsláttur og snjómokstur eru innheimtir sérstaklega.

Aðstoð við almenn heimilisstörf

Fullt gjald fyrir almenna stuðningsþjónustu er **1.561 krónur** fyrir hvern unnin tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við almenna stuðningsþjónustu vikulega. Þjónusta umfram það er gjaldfrjáls. Mögulegt er að sækja um lækkun gjalds og skal það metið sérstaklega og afgreitt af starfsmönnum fjölskyldusviðs samkvæmt viðmiðum í fylgiskjali. Viðmiðunarupphæðir taka breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga.

Afsláttur af gjaldi fyrir stuðningsþjónustu

Sótt er um afslátt eða niðurfellingu gjalda í íbúagátt Fjarðabyggðar. Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um afslátt og tekjupplýsingum. Kjósi þjónustuþegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald. Undanþága frá gjaldi gildir ekki fyrir heimsendingu matar, garðslátt eða akstur.

Heimsendur matur

Hver skammtur kostar **1.359 krónur**.

Akstur á vegum heimaþjónustu

Aksturþjónusta innan þess byggðarkjarna sem þjónustunotandi á lögheimili er gjaldfrjáls. Ferðir sem samþykktar eru í þjónustusamningi eða vegna sérfræðiaðstoðar eru greiddar 50 krónur á hvern km. Fyrir aðrar ferðir utan byggðarkjarnans skal greitt skv. gjaldskrá Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis.

Garðsláttur

Aldrei er slegið meira land en 300 fm að jafnaði. Garðsláttur kostar 7.800 kr/klst. Slegið er að hámarki þrisvar á ári, í júní, júlí og ágúst.

Snjómokstur

Snjómokstur er einungis veittur einstaklingum sem:

- Falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og eða
- Eru eldri einstaklingar og/eða öryrkjar sem hafa nú þegar stuðningsþjónustu inná heimili, geta ekki mokað sjálfir og búa ekki með einstaklingi sem er fær um að moka.

Snjómokstur er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar.

Ef óskað er eftir hreinsun þarf að sækja um það hjá félagsþjónustunni, umsóknir fara fram í gegn um íbúagáttina.

Þessari þjónustu verður ekki sinnt fyrr en að forgangsmokstri er lokið eða samkvæmt ákvörðun verkstjóra.



Hver snjómokstur kostar 7.800 kr.

Ef að óskað er eftir vélmokstri, kostar 15.000 kr. að stinga út úr bílastæði.

Snjómokstur lýtur sömu reglum um niðurfellingu gjalda og önnur stuðningsþjónusta.

Innheimta

Gjöld eru innheimt mánaðarlega og berast reikningar í heimabanka. Greiðsluseðlar berast ekki heim með pósti nema sérstaklega sé óskað eftir því.

Tekjumark fyrir árið 2023

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2023 er miðað við upphæðir bóta almannatrygginga 1. janúar 2023.

Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðun um synjun á afslætti af gjaldi fyrir stuðningsþjónustu til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða gev.is. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun.

Fjarðabyggð 17. janúar 2023

Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri

Samþykkt í félagsmálanefnd 11. janúar 2023

Samþykkt í bæjarráði 16. janúar 2023